



## Minnisblað - Skatttekjur og laun Janúar – apríl 2020

### Útsvarstekjur

Útsvarstekjur fyrir janúar til apríl 2020 liggja nú fyrir og eru 672,7 m.kr. samanborið við áætlun upp á 700,9 m.kr. Útsvarstekjur fyrir tímabilið eru því 28,3 m.kr. undir áætlun. Einungis er um að ræða staðgreitt útsvar.

Tafla 1. - útsvarstekjur 2020 per mánuð samanborið við áætlun 2020 og rauntölur 2020

	R 2020	Á 2020	[R20-Á20]	Br. 19/20 %	R 2019	[R20-R19]
Janúar	173.093.382	175.861.135	-2.767.753	8%	160.603.512	12.489.870
Febrúar	178.195.250	184.699.517	-6.504.267	-4%	185.670.082	-7.474.832
Mars	180.466.829	173.368.258	7.098.571	4%	172.804.055	7.662.774
Apríl	140.909.188	167.022.753	-26.113.565	-5%	147.959.312	-7.050.124

Í töflunni hér að neðan má sjá uppsafnaðar útsvarstekjur fyrir fyrstu tvo mánuði 2020. Áætlunin er sýnd til hliðsjónar, uppsöfnuð fyrir hvern mánuð.


Tafla 2. - útsvarstekjur 2020 samanlagt samanborið við áætlun 2020 og rauntölur 2019

	R 2020	Á 2020	[R20-Á20]	Br. 19/20 %	R 2019	[R20-R19]
Janúar	173.093.382	175.861.135	-2.767.753	8%	160.603.512	12.489.870
Febrúar	351.288.632	360.560.652	-9.272.020	1%	346.273.594	5.015.038
Mars	531.755.461	533.928.910	-2.173.449	2%	519.077.649	12.677.812
Apríl	672.664.649	700.951.663	-28.287.014	1%	667.036.961	5.627.688

Mynd 1. – Útsvarstekjur per mánuð 2020 samanborið við áætlun 2020 og rauntölur 2019



Mynd 2. - Þróun útsvarstekna 2020 samanborið við áætlun 2020 og rauntölur 2019



## Jöfnunarsjóður

Í töflu 3 hér að neðan má sjá yfirlit yfir tekjur úr jöfnunarsjóði fyrir janúar til apríl 2020, áætlun 2020 og rauntölur fyrir árið 2019. Samkvæmt greiðslum tímabilsins eru tekjur hærri en áætlun sem nemur 2,8 m.kr. Helsta skýring þess er að búið er að greiða fjóra mánuði í fasteignagjaldaframlaginu þegar áætlunin gerði aðeins ráð fyrir þremur. Grunnskólaframlagið er svo lægra en áætlunin frá jöfnunarsjóði gerði ráð fyrir en ekki hafa fengist svör vegna þess frá jöfnunarsjóði.

Tafla 3. - Jöfnunarsjóður – rauntölur árið 2020 samanborið við áætlun 2020 og rauntölur 2019.

	R 2020	Á2020	[R-Á]	R 2019	R20-R19
Janúar	34.031.846	48.055.086	-14.023.240	0	34.031.846
Febrúar	82.927.029	86.368.085	-3.441.056	149.645.422	-66.718.393
Mars	83.403.578	86.368.085	-2.964.507	48.871.752	34.531.826
Apríl	109.663.329	86.368.085	23.295.244	87.123.223	22.540.106
Maí	0	86.368.085		84.298.699	-84.298.699
Júní	0	86.368.085		89.722.189	-89.722.189
Júlí	0	86.368.085		89.884.554	-89.884.554
Ágúst	0	86.368.085		90.488.107	-90.488.107
September	0	83.647.386		89.799.544	-89.799.544
Október	0	49.982.358		56.371.624	-56.371.624
Nóvember	0	49.982.358		56.560.833	-56.560.833
Desember	0	93.108.906		144.292.643	-144.292.643
	<b>310.025.782</b>	<b>929.352.689</b>	<b>2.866.441</b>	<b>987.058.590</b>	<b>-677.032.808</b>

## Sundurliðun framlaga úr jöfnunarsjóði

Í töflu 4 má sjá greiðslur frá jöfnunarsjóði niður á framlög fyrir janúar til apríl 2020. Tekjurnar eru 310 m.kr. samanborið við áætlun upp á 307 m.kr. Niðurstaðan er því jákvæð um 2,8 m.kr.

Tafla 4. – Greiðslur niður á framlög árið 2020 samanborið við áætlun 2020.

	Janúar til apríl		Mismunur raun-áætl.
	Raun	Áætlun	
<b>112 Fasteigna</b>	135.354.905	109.157.181	<b>26.197.724</b>
<b>121 Útgjalda</b>	131.873.403	136.127.384	<b>-4.253.981</b>
<b>141 Grunnskóli</b>	34.722.473	56.092.960	<b>-21.370.487</b>
<b>142 Sérþ nem</b>	5.187.501	2.631.816	<b>2.555.685</b>
<b>144 Nýbúa</b>	2.887.500	3.150.000	<b>-262.500</b>
<b>Samtals</b>	<b>310.025.782</b>	<b>307.159.341</b>	<b>2.866.441</b>

## Launakostnaður janúar - apríl 2020

Launakostaður fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2020 nemur 914.406.359 m.kr. samanborið við áætlun upp á 891.837.507 m.kr. Launakostnaður er því 22,5 m.kr. yfir áætlun sem er 2,5% frávik.

Í apríl var búið að semja um nýja kjarasamninga hjá um 58% starfsmanna. Með nýjum kjarasamningum kom til launahækkana sem var föst krónutala, kr. 17.000,- þann 1.janúar og svo aftur kr. 24.000,- þann 1.apríl.

Einnig er búið að greiða eingreiðslur sem ekki var gert ráð fyrir í launaáætlun. Samtals eingreiðslur fyrir fyrstu 4 mánuði ársins voru 19 m.kr.

Tafla 5 - Raun laun janúar – apríl 2020 samanborið við áætlun janúar – apríl 2020

Mfl.	Heiti	Janúar til apríl 2020			% af Áæ
		Raun	Áætlun	R20-Á20	
2	Velferðarsvið	187.247.657	177.722.177	9.525.480	5,4%
4	Fræðslumál	413.914.242	404.557.610	9.356.632	2,3%
5	Menningarmál	20.235.012	23.965.270	-3.730.258	-15,6%
6	Æskulýðs- og íþróttamál	57.841.126	69.837.905	-11.996.779	-17,2%
7	Brunamál og almannavarnir	39.108.668	30.709.142	8.399.526	27,4%
9	Skipulags- og byggingamál	9.927.153	14.706.690	-4.779.537	-32,5%
11	Umhverfismál	4.209.440	5.521.979	-1.312.539	-23,8%
13	Atvinnumál	3.917.033	4.224.558	-307.525	-7,3%
21	Sameiginlegur kostnaður	85.109.011	70.525.036	14.583.975	20,7%
27	Óvenjulegir liðir	0	8.245.264	-8.245.264	-100,0%
31	Eignasjóður	5.006.361	5.136.425	-130.064	-2,5%
33	Þjónustumiðstöð	31.630.386	28.040.084	3.590.302	12,8%
41	Hafnarsjóður	44.055.680	36.358.161	7.697.519	21,2%
53	Þjónustuíbúðir	3.466.747	1.779.378	1.687.369	94,8%
57	Fastís	4.335.475	4.163.862	171.613	4,1%
67	Byggðasafn Vestfjarða	4.402.368	6.343.966	-1.941.598	-30,6%
	<b>Samtals</b>	<b>914.406.359</b>	<b>891.837.507</b>	<b>22.568.852</b>	<b>2,5%</b>

Þegar niðurstöður innan hvernar deildar er skoðaðar í töflu 5 fyrir samanlögð laun í janúar til apríl má sjá að 4 deildir eru undir áætlun með 2 milljónir eða meira (grænir reitir) og 6 deildir yfir áætlun 2 milljónir eða meira (bleikir reitir).

Þær eru:

- **02 Velferðarmál** – 9,5 m.kr. yfir áætlun sem er 5,4% frávik.
  - **Búseta Sindragötu** er 6,8 m.kr. yfir áætlun. Yfirvinna er 3,6 m.kr. yfir áætlun, eingreiðsla 1 m.kr. yfir áætlun og orlof og orlofsuppgjör 1,4 m.kr. umfram áætlun.
  - **Búseta Pollgötu** er 9,4 m.kr. yfir áætlun. Yfirvinna er 5,2 m.kr. yfir áætlun, eingreiðsla 1 m.kr. og orlof og orlofsuppgjör 1,7 m.kr. yfir áætlun
  - **Búseta Fjarðarstræti** er 1,1 m.kr. undir áætlun. Áætlaðar einingar í mánaðarlaun eru 1,5 m.kr. undir áætlun.
  - **Velferðarsvið** er 1,6m.kr. undir áætlun.
  - **Stuðningsþjónusta** er 2,3 m.kr. undir áætlun

- **04 Fræðslumál** – 9,3 m.kr. yfir áætlun sem er 2,3% frávik.
  - **Skólaskrifstofa** er 6,1 m.kr. yfir áætlun. Það er vegna námsleyfis en á móti koma endurgreiðslur frá námsleyfasjóði sem í lok apríl námu 6,3 m.kr.
  - **Sólborg** er 1 m.kr. undir áætlun. Mánaðarlaun, föst dagvinna og yfirvinna eru 5 m.kr. lægri en áætlun en lausnarlaun eru 1,1 m.kr. hærri ein áætlun, eingreiðsla 2 m.kr. hærri og orlofsuppgjör 1,2 m.kr. hærri.
  - **Grænigarður** er samtals 4,1 m.kr. yfir áætlun. Miðað við áætlun er gert ráð fyrir 5,1 stöðugildi á mánuði en að meðaltali eru greidd mánaðarlaun fyrir um 6 stöðugildi fyrstu 4 mánuði ársins. Að auki var starfsmaður endurmetinn vegna menntunar og hækkaði töluvert í launum. Samanlagt eru því mánaðarlaun 2,2 m.kr. umfram áætlun og er í skoðun hjá sviðsstjóra. Eingreiðsla er upp á 400 þ.kr. Yfirvinna og orlofsuppgjör eru 600 þ.kr yfir áætlun.
  - **Laufás** er 2,9 m.kr. yfir áætlun en þar er yfirvinna, dagvinna og eingreiðsla vanáætlað. Einnig eru greidd lausnarlaun sem ekki er gert ráð fyrir í áætlun.
  - **Grunnskólinn á Ísafirði** er 1,8 m.kr. undir áætlun
  - **Grunnskólinn á Þingeyri** er 3,3 m.kr. yfir áætlun en raunstöðugildi og yfirvinna eru yfir áætlun.
  - **Grunnskólinn á Suðureyri** er 2,1 m.kr. undir áætlun
  - **Tónlistarskóli Ísafjarðar** er 2 m.kr. undir áætlun
  
- **05 Menningarmál** – 3,7 m.kr. undir áætlun sem er 15,6% frávik.
  
- **06 Æskulýðs- og íþróttamál** – 12 m.kr. undir áætlun sem er 17% frávik.
  - **Skíðasvæðið** er 11,7 m.kr. undir áætlun. Það er vegna lokunar svæðis vegna Covid-19
  
- **07 Bruna og almannavarnir** – 8,4 m.kr. yfir áætlun sem er 27,4% frávik.
  - **Slökkvilið** er 4,3 m.kr. yfir áætlun. Yfirvinna vegna útkalla er 1,6 m.kr. umfram áætlun og uppgjör slökkviliðstjóra er um 1,5 m.kr. Eingreiðsla er 0,5 m.kr. hærri en í áætlun.
  - **Sjúkraflutningar** er 3,4 m.kr. yfir áætlun. Allir launaliðir eru umfram áætlun, svo sem yfirvinna og bakvaktaálag. Í janúar og hluta febrúar voru veikindi sem skýrir umfram yfirvinnu. Mars var undir áætlun en ef tekið svo bara apríl þá eru laun 1,6 m.kr. umfram áætlun sem rekja má til Covid.
  
- **09 Skipulags- og byggingamál** – 4,7 m.kr. undir áætlun sem er 32,5 % frávik sem skýrist af því að ekki er búið að ráða í starf Byggingarfulltrúa.
  
- **21 Sameiginlegur kostnaður** – 14,5 m.kr. yfir áætlun sem er 20,7% frávik.
  - **Bæjarskrifstofan** er 15,5 m.kr. yfir áætlun sem er vegna starfslokasamnings fyrrverandi bæjarstjóra og uppgjör sviðsstjóra. Þá er eingreiðsla upp á 1 m.kr.
  
- **27 Óvenjulegir liðir** er veikinda- og kjarasamningspottur og stendur hann í 8,2 m.kr. í lok apríl en fyrir allt árið eru áætlaðar 24.735.792,-.
  
- **33 Þjónustumiðstöð** – 3,6 m.kr. yfir áætlun sem er 12,8% frávik. Eingreiðsla upp á 1,5 m.kr., annað er umfram yfirvinna sem ekki er gert ráð fyrir í launaáætlun.
  
- **41 Hafnarsjóður** – 7,7 m.kr. yfir áætlun sem er 21,2% frávik. Bakvaktir, yfirvinna og álag herra en áætlun vegna leiðréttingar launa skv. starfsmati.